



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 13. desember 2021  
VEL2021110058

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga um gjaldskrá velferðarsviðs fyrir stuðningsþjónustu***

Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um gjaldskrá velferðarsviðs fyrir stuðningsþjónustu, ásamt drögum að nýrri gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu:

Lagt er til að velferðaráð samþykki tillögu að nýrri gjaldskrá vegna stuðningsþjónustu. Enginn kostnaðarauki fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístafllokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um gjaldskrá velferðarsviðs fyrir stuðningsþjónustu, ásamt fylgiskjölum, lögð fyrir fund velferðarráðs 8. desember 2021.



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni tillögu:** *Gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu*

Lagt er til að velferðaráð samþykki tillögu að nýrri gjaldskrá vegna stuðningsþjónustu. Enginn kostnaðarauki fylgir tillögunni.

**Greinargerð:**

Þann 1. febrúar 2021 taka gildi annars vegar reglur Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu og hins vegar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Framangreindar reglur koma m.a. í stað núgildandi reglna um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík. Því er nauðsynlegt að setja nýja gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu sem tekur við af gjaldskrá um félagslega heimaþjónustu.

Fylgiskjal:

Drög að gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu.

# Gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu

## 1. gr.

### Upphæð gjalds

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er kr. 1.345.-.

Stuðningur umfram sex vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

## 2. gr.

### Undanþága frá greiðslu

Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Önnur stuðningsþjónusta, þ.e. stuðningur á dagvinnutíma og stuðningur um kvöld og helgar er endurgjaldslaus.

## 3. gr.

### Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1. febrúar 2022 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um félagslega heimaþjónustu.